

30 — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um jarðarkaup handa presta-*
4. apríl. *kalli.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 21. febrúar þ. á. ritað mjer á þessa leið:

Með þóknanlegu brjefi frá 16. sept. f. á. hefir herra landshöfðinginn ásamt um-
mælum stiptysfirvaldanna sent hingað beiðni Jóns alþingismanns Sigurdssonar á Gaut-
löndum, sem umboðsmanns nefndar nokkurrar í Mývatns-þingum, og fer beiðnin fram á,
að lán megi verða veitt af viðlagasjóði landsins, eða einhverjum öðrum opinberum
sjóði til að kaupa jörðina Skútustaði í Skútustadahreppi eða einhvern hluta hennar fyrir
prestsetur eptirleidis handa prestakallinu; er svo áætlað, að verð jarðarinnar muni verða
4800 krónur, auk þess, sem eigendur jarðarinnar eiga í skuld fyrir endurbyggingu Skútu-
staðar kirkju, og stiptysfirvöldin telja í fardögum 1874 hafa verið hjer um bil 1360 krón-
ur. Lætur beiðandi enn fremur í ljósi, að um getin nefnd hafi bundizt því heityrði, að
nefndarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn skyldi ábyrgjast lán til að kaupa fyrir $\frac{3}{4}$
nefndrar jarðar og í því skyni setja fulltryggilegt veð, að því leyti tjeðir $\frac{3}{4}$ jarðarinnar
ekki þættu veita fulla tryggingu fyrir láninu. Út af þessu hefir herra landshöfðinginn
lagt það til *sumpart*, að jörðin Skútustaðir, eða sá hluti hennar, sem fá má keyptan,
megi verða útveguð til prestsseturs í Mývatns-þingum, og að prestakallinu í þessu tilefni
og til borgunar skuld þeirri, er á Skútustaða kirkju hvílir, af viðlagasjóðnum megi verða
veitt lán, sem ávaxtað og endurborgað verði með 6% í 28 samfleytt ár, móti fyrstu for-
gönguvedstryggingu í hinni keyptu jörð sjálfri og nægu veði í annari fasteign, *sumpart*
að yður megi veitast heimild til að gjöra út um þetta.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fram á leið hjer
með þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn, eptir því sem þjer hafið skýrt frá málavöxtum,
leyfir, að umgetin jörð eða partur af henni, og kirkja sú, er þar stendur, megi verða
útveguð sem beneficium handa Mývatns-þingum, og að til þessa megi verða veitt presta-
kallinu lán af landssjóði með kjörum þeim, er þjer hafið stungið upp á, þó ekki hærra
en að 4800 kr., ef jörðin fæst öll til kaups, og að því skapi fyrir part af henni, að við-
bættri ef til þess kemur, þeirri upphæð, sem til þess þarf að eignast kirkjuna, eins og
yður er falið á vald að gjöra þær ráðstafanir, er þörf gjörist í þessu efni.

Þetta er stiptysfirvöldunum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leið-
beiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að því viðbættu, að ætla má á, að
afsláttur nokkur fáist á kirkjuskuldinni fyrir þá vexti, sem kaupanda missist af andvirði
hennar fyrir þá sök, að eptir hlutarins eðli hljóta mörg ár að liða, áður en kaupandi fær
hana endurgoldna af tekjum kirkjunnar.

31 — *Brjef landshöfðingja til landfógeta¹ um endurskoðun reikninga.* —
4. apríl. Með því að fjárhagslögin frá 15. oktbr. f. á. hafa veitt nauðsynlega þóknun til að endur-
skoða hjer á landi reikninga þá alla frá Íslandi, sem að undanfögnu hafa legið undir endur-
urskoðun erlendis, á þá leið, að hr. landfógetanum er gegn 1200 kr. árlegri þóknun ætl-
að að endurskoða alla þessa einstöku reikninga, hefir ráðgjafinn fyrir Ísland í brjefi 22.
febr. þ. á. mælt svo fyrir, að endurskoðun íslenzkra reikninga þegar fyrir árið 1874 skuli
taka frá 1. reikningarannsóknardeild og færa hingað, og hefir hann skipað mjer að gjöra
ráðstöfun til, að tekið verði sem fyrst til þessarar endurskoðunar. Samkvæmt þessu hefir
rannsóknardeildin sent mjer reikninga þá fyrir 1874, sem nefndir eru í hjá lagðri skrá
með tilheyrandi fylgiskjölum og þá eldri reikninga fyrir fyrri ár, sem getið er á lista, sem

1) S. d. var ritað Magnúsi yfirdómara Stephensen um endurskoðun jarðabókarsjóðsreikninga.

einnig er hjer innan í, en með fram tjáð mjer, að með næsta póstskipi sje von á enn fleiri skjölum, sem endurskoðunina snerta, en að þau skjöl, sem deildin ekki má án vera til að ljúka við endurskoðun á fyrri ára reikningum, verði send á eptir, þegar því verki sje lokið. **31**
4. apríl.

Um leið og jeg sendi herra landfógetanum reikninga þá ásamt fylgiskjölum, sem tald-ir eru á nefndum skráum fyrir 1874, svo og eldri skjöl, skal jeg þjónustusamlega biðja yður að taka sem fyrst til endurskoðunar á þessum reikningum, og halda henni áfram með þeirri atorku, sem kringumstæðurnar leyfa, með því jeg verð að telja einkar-æskilegt að venju þeirri, sem hingað til hefir viðgengizt, að endurskoðunin hefir jafnan verið ári eða meiru á eptir reikningunum, verði sem bráðast breytt á þá leið, að reikningarnir verði teknir til endurskoðunar, jafnótt og þeir koma frá hlutaðeigandi reikningssemjöldum.

Skýlduð þjer við endurskoðun reikninganna fyrir 1874 þurfa skýringa úr þeim eldri reikningum, er fyrst um sinn verða hjá deildinni, og þeim athugasemdum og úrskurðum, er við þá hafa verið gjörðir, verður herra landfógetinn að snúa sjer hingað áleiðis til deild- arinnar.

Jafnframt og endurskoðun meðfylgjandi reikninga er lokið, verður að senda athuga- semdirnar landshöfðingja, sem annast um, að þeim verði svarað af hlutaðeigandi reiknings- semjöldum, eins og um annað nauðsynlegt, er hjer að lýtur.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um hjálp Dana og Englendinga við öskufólkið í Múlasýslum.* — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 23. febrúar p. á. ritað mjer á þessa leið: **32**
5. apríl.

Út af skýrslu þeirri frá 30. nóvbr. f. á., sem þjer, herra landshöfðingi, hafði sent hingað um ástandið í sveitum þeim, er orðið hafa fyrir skaða af eldgosum síðastliðið ár, skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að skýrsla þessi hefir verið allraþegnlegast borin undir hans háttign kónunginn, og að eptirrit af ágripi af henni hefir verið sent nefnd þeirri, er hjer hefir gengizt fyrir að safna gjöfum handa nauðstödd- um Íslendingum, og hefir þar að auki samkvæmt því, sem hefir verið farið fram á í brjefi sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu, sem fylgdi brjefi yðar, verið skorað á utanríkisstjór- nina að flytja lord mayor Lundúna þakki þær, er sýslunefndin hefir látið í ljósi fyrir hin- ar miklu gjafir, sem sendar hafa verið hinum nauðstöddu sveitum í Múlasýslum frá nefnd þeirri, er myndast hafði í Lundúnum undir forsæti lord mayors (borgarstjórans).

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt- birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um land- skuldarpuppgjöf.*— Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland bóнарbrjef það, er jeg meðtók með brjefi herra amtmannsins frá 1. septbr. f. á. um að veitt verði hrepps- nefndinni á Vestmannaeyjum uppgjöf á 60 fiska landskuld af tómthúsinu Hólshúsi, sem notað hefir verið fyrir fátækrahús, en nú er í ráði að byggja upp, ef hin umbeðna uppgjöf verður veitt, hefir ráðgjafinn í brjefi frá 29. febrúar p. á. tjáð mjer, að hann sjái sjer ekki fært að veita það, sem beðið hefir verið um, en að tillaga um það muni verða tekin inn í frumvarpið til fjárlaga fyrir 1878—79.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leið- beiningar og birtingar.

Hinn 6. maí 1876.